

## 62. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 10.6. 2021, kl. 10:00

---

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Einnig var mættur Kristinn Bjarnason lögfræðingur sveitarfélagsins og undir lið 1. var mættur Gunnar Gunnarsson.

### Dagskrá:

1. Hjarðarból
  - a. Erindi Gunnars Gunnarssonar og Ann-Marie Schlutz sem dagsett er 31.5.2021. Gestur Gunnar Gunnarsson.
  - b. Byggðarkjarni
2. Þjónustuhús við Hengifoss.
3. Fundargerð byggingarnefndar 31.5.2021
4. Ráðningabréf endurskoðanda
5. Ósk um kostnaðarpáttöku unga barns
6. Önnur mál

### 1. Hjarðarból

- a. Erindi Gunnars Gunnarssonar og Ann-Marie Schlutz.  
Gunnar kynnti hugmyndir um uppbyggingu, afstöðu til byggðarkjarna og hugmyndir þeirra um leigu á Hjarðarbóli.
- b. Byggðarkjarni  
Leigusamningur við ríkiseignir um leigu á 42 hekturum úr landi Hjarðarból er frágenginn með fyrirvara um að eignaréttur ríkisins á hinu leigða verði viðurkenndur í eignaréttardómsmáli. Málið var þingfest 3. júní og var mætt til andsvara og málinu frestað til 2. september.

Sveitarstjórn samþykkir að hefja vinnu við aðal- og deiliskipulagsgerð vegna byggðarkjarna á Hjarðarbóli. Jafnframt var ákveðið að meta stöðu og framhald skipulagsvinnunnar í byrjun september.

Sveitarstjórn tók matarhlé á Skriðuklaustri.

### 2. Þjónustuhús við Hengifoss.

Sveitarstjóra og lögfræðingi sveitarfélagsins falið að vinna áfram að framgangi málsins, um framtíðar landnot á deiliskipulagssvæðinu Hengifoss.

### 3. Fundargerð byggingarnefndar 31.5.2021

Liður 1. í fundargerð. Hrafnkelsstaðir, sótt um byggingarleyfi vegna frístundahúss.

Samþykkt

*Jóhann vék af fundi vegna vanhæfis*

Liður 2. Í fundargerð. Borgarhóll, sumarhúsi í landi Brekkugerðis sótt um byggingarleyfi.

Samþykkt.

Liður 4. í fundargerð. Hjarðarból, nýr byggðarkjarni. Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag. Sent var fyrirspurn nokkrum aðilum í því skyni að fá mat á kostnaði við vinnu á breytingu aðalskipulags og gerð deiliskipulags fyrir nýjan byggðakjarna í landi Hjarðarbóls. Fimm aðilar sendu inn verðtilboð.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við lægst bjóðanda sem var Efla verkfræðistofa.

*Jóhann kom aftur til fundar*

Liður 5. í fundargerð, stöðuleyfi fyrir matarvagn í landi Hjarðarbóls.

Samþykkt að veita stöðuleyfi og sveitarstjórn samþykkir einnig að veita leyfi fyrir aðgang að vatni og rafmagni fyrir starfsemina.

Að öðru leiti er fundargerðin staðfest.

#### **4. Ráðningabréf endurskoðanda**

Samþykkt og sveitarstjóra falið að skrifa undir samninginn.

#### **5. Ósk um kostnaðarþátttöku vegna gæslu ungbarns**

Sveitarstjórn er jákvæð gagnvart erindinu og sveitarstjóra er falið að undirbúa frekari afgreiðslu málsins

#### **6. Önnur mál**

Sveitarstjóri fer í sumarfrí í júlímánuði og munu oddviti og varaoddviti leysa hann af í 3 vikur en skrifstofan verður lokuð í 1 viku á þessum tíma.

Kynnt drög að samningi sveitarfélagsins við Vatnajökulspjóðgarð um að Snæfellsstofa taki að sér ráðgjöf, umsjón og eftirlit við Hengifoss eins og undanfarin ár.

Samþykkt og sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.

Fengist hafa fjármunir úr Styrkvegasjóði, samtals 6 milljónir í Fljótsdal.

Eiríkur hvetur landeigendur að huga að girðingarviðhaldi svo sauðfé sé ekki að valda slyshættu á vegum.

Fundi slitið klukkan 15:40

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

---

Jóhann F. Þórhallsson

---

Anna Jóna Árnarsdóttir

---

Eiríkur J. Kjerúlf

---

Gunnþórunn Ingólfssdóttir

---

Lárus Heiðarsson